

Vorfundur 2005

Dagskrá vorfundar SFA á Ísafirði 18. - 20. maí 2005

18. maí

20:00 Mæting og kvöldsnafl

20:30 Aðalfundur

- venjuleg aðalfundarstörf
- kosning nýrrar stjórnar
- önnur mál

19. maí Vorfundur

9:00 Fundur settur

Ávarp gestgjafa Jóhanns Hinrikssonar

9:20 Fyrirlestrar um kynningarmál og markaðssetningu almenningsbókasafna

Fulltrúar PR hóps: Anne-Marie Marstrand, Björn Lindwall og Live Gulsrud. Fundarstjóri Hólmkell Hreinsson.

10:30 Kaffihlé

11:00 Kynningarmál framh...

12:00 Hádegisverður

13:00 Árangursstjórnun /helstu eiginleikar stjórnandans og hlutverk.

Kristinn T. Gunnarsson stjórnendaráðgjafi hjá IMG Deloitte.

14:30 Kaffihlé

15:00 Árangursstjórnun framh...

16:00 Norrænt samstarfsverkefni um upplýsingalæsi.

Margrét I. Ásgeirsdóttir.

16:30 Fundi framh...20. maí kl. 9:00

19:30 Kvöldverður í boði Bæjarstjórnar Ísafjarðar

20. maí

9:00 Fjölmening og þjónusta almenningsbókasafna við innflytjendur

Fundarstjóri. Jóhann Hinriksson.

- a) Starfshópur um þjónustu við innflytjendur /Anna Torfadóttir
- b) Starfsemi Fjölmeningarseturs Vestfjarða /Erna Arnardóttir
- c) Barnamening /Þöll / Þorbjörg Karlsdóttir

10:00 Kaffihlé

- d) Þjónusta við nýbúa í Héraðsbókasafni Rangæinga /Gunnhildur Kristjánsdóttir.
- e) Þjónusta Bæjar-og héraðsbókasafns Ísafjarðar við nýbúa. /Jóhann Hinriksson.
- f) Umræður og spurningar

11:30 Fundi slitið / Hádegisverður á Tailenskum veitingastað

13:00 Skoðunarferð

Fundargerð:

19. maí.

Fundurinn hefst með ávarpi Oddnýjar Björgvinsdóttur sem bauð alla velkomna bæði fyrirlesara og félagsmenn sem voru komin mislangt að.

Hólmkell Hreinsson tók einnig til máls sem nýr formaður félagsins og fjallaði um hugmyndir um lestur almennings og þakkaði síðan fráfamadi stjórn góð störf.

Ávarp gestgjafa flutti Jóhann Hinriksson forstöðumaður safnahússins á Ísafirði. Hann bauð alla velkomna og fór síðan yfir sögu Safnahússins.

Það skiptist í bóka-, skjala- og listasafn. Safnið er staðsett í gamla sjúkrahúsinu sem á sér langa sögu að baki og skiptist þannig að í kjallara er skjalasafn, ljósmyndasafn og bókaageymsla, á næstu hæð fyrir ofan er útlánasalur og þar fyrir ofan er aðstaða fyrir starfsmenn og fræðimenn, auk sýningarsalar og skrifstofa.

Fundarstjóri var Hólmkell Hreinsson og ritari Sigrún Sigurðardóttir.

Fyrirlesarar voru fulltrúar PR hópsins og fyrst var Anne-Marie Marstrand frá Danmörku og talaði hún um fjölþátta/fjölnota bókasöfn. Hún segir að gestir komi aðeins á bókasafnið ef það hefur eitthvað spennandi upp á að bjóða. Bókavörðurinn á að sjá um að upplýsingar séu áreiðanlegar og aðgengilegar og vera ráðgefandi aðili fyrir viðskiptavininn. Í framtíðinni fara bókasöfnin frá því að vera lestrarsöfn yfir í að vera hljóð- og upplifunarsöfn. Viðskiptavinir bókasafnanna ætlast stöðugt meira til þess að vera sjálfbjarga inni á söfnunum. Bókasöfnin eiga að vera fyrir alla og hafa langan opnunartíma. Samstarf á að vera milli bókasafna.

Umræður.

Næst tók til máls Live Gulstrud frá Noregi en hún býr í Aske sem er 20 km. Vestur af Osló. Þar búa um 50.000 manns. Sagði hún í stuttu máli frá sjálfri sér og síðan frá bænum og bókasafninu sem hún veitir forstöðu. Bókasafnið var sett í gamla slökkvistöð sem síðan var byggð upp fyrir safnið og aðra þjónustu. Síndi hún okkur ljósmyndir frá þessari uppbyggingu. En nú er þetta safn í 2500 m² ásamt annari starfsemi í einu menningarhúsi. Hún talar um að bókasöfn verði að vera virk annars deyjja þau. Bókasöfnin verða einnig að vera sýnileg. Live sagði einnig frá innra starfi safnsins s.s. þjónustu, útlánunum og barna- og fræðslustarfi. Þar sem bókasafnið fékk listamenn í heimsókn, hélt sýningar, stóð fyrir náttúruskoðun svo eitthvað sé nefnt.

Björn Lindwall kom frá Svíþjóð og talaði um markaðssetningu almenningsbókasafna. Hann talar um að við verðum að fá fólk til að koma á bókasöfnin og taka það vel á móti því að það vilji koma aftur og aftur. Viðmótið sem fólk fær á bókasafninu skiptir öllu máli þ.a. við verðum að setja það í fyrsta sæti. Sýna á jákvætt viðmót og vera tilbúin til að þjóna. Gæta verður trúnaðar við lánþegann. Starfsstéttir innan bókasafna verða að vinna saman einnig verður að vera samvinna milli bókasafna.

Umræður: ágnægja með fyrirlestra – láta sveitastjórnarmenn vita hvað þarf til að bókasöfnin virki sem best.

Eftir hádegi flutti Kristinn T. Gunnarsson stjórnendaráðgjafi hjá IMG Deloitte okkur fyrirlestur um árangursstjórnun og helstu eiginleika stórnandans og hlutverk hans. Byrjaði á því að kynna sig og sitt starf en fór síðan yfir í það hvernig ætti að vinna með ógnanir og tækifæri. Hvernig við ættum að snúa við fyrirtæki/stofnun sem farin væri að dala til þess

að blómstra aftur. Talaði um að virkja þurfi starfsmennina og láta þá virka sem eina heild. Sagði frá því að þjófalagið og kröfur þess væru að breytast og við ættum að leita uppi breytingarnar og nýta þær. Við lifum nú í upplifunarbþjófálagi. Hvatti okkur til að vera ekki hrædd við breytingar heldur gera okkur grein fyrir þeim og nýta þær okkur til góðs, því við snúum ekki til baka. Í hópi á að ríkja gagnkvæm virðing og traust og koma því skýrt til skila til hvers sé ætlast af hverjum og einum. Því oft er það þannig að þegar fyrirtæki eldast er búið að brjóta allt frumkvæði niður. Sagði Kristinn frá því hvernig stjórnendateymi væri best saman sett þannig að allir fengju að njóta sín og sinna hæfileika. Í hverjum hópi þarf að vera einhver P (sem skilar árangri), A (sá sem skipuleggur), E (skapandi) og I (samhæfing). Þessi samsetning er best til árangurs. Hann lét okkur einnig gera sjálfspróf til að finna út hvar við værum. Gefa þarf einstaklingnum tækifæri til að blómstra í því sem hann er bestur. Einnig þurfum við setja okkur markmið en mikilvægt í því er að skilgreina verkefni og mæla árangurinn.

Fundi var slitið um kl. 16:30.

2. dagur

Fundur hófst kl. 9

Fjölmenning og þjónusta við innflytjendur

a) Starfshópur um þjónustu við innflytjendur

Anna Torfadóttir, borgarbókavörður hafði forsögu og lýsti starfi hópsins og fjallaði um samstarf um nálgun á verkefninu. lét síðan ganga til fundarmanna tillögur um þjónustu almenningabókasafna við nýbúa um að komið verði á samstarfi innan SFA varðandi fjölmenningu á söfnunum.

Anna kvaðst búin að senda bréf með fyrirspurn til annarra norrænna safna. Málið snúast um afþreyingar- eða yndislestur, ekki fræðirit eða kennslubækur. Aðspurð sagði hún að Alþjóðahús yrði ekki inni í þessari mynd. Taldi upp þau tungumál sem þarf að sinna hér á landi sem væru pólska, filippseyjamál, taílenska, bosníska, rússneska, víetnamíska, arabíska, litháska, kínverska og albanska.

b) Starfsemi Fjölmenningarseturs Vestfjarða

Elsa Arnarsdóttir, forstöðumaður setursins kynnti rannsóknina Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi frá því í nóv. 2004 sem unnin var fyrir Fjölmenningasetrið. Setrið var stofnað 2001 og er verkefni á vegum Félagsmálaráðuneytisins. Einnig hefur verið aflað styrkja til þess. Fjölmenningasetrið er með heimasíðu, notar textavarpíð og svarar í síma á pólsku, taílensku, serbnesku og króatísku. Flestir sem hringja eru af höfuðborgarsvæðinu og er þeim vísað í Alþjóðahúsið. Fram kom að rannsókn hefur sýnt að hlutfallslega fleiri börn eru á landsbyggðinni.

Verkefni Fjölmenningarsetursins er gagnvirk miðlun og kom Elsa með ýmsar fróðlegar upplýsingar sem forstöðumenn báðu um að fá sendar í tölvupósti.

c) Barnamenning

Þorbjörg Karlsdóttir, barnabókavörður í Borgarbókasafni sagði frá verkefnum BBS. Hún sagði einnig frá samstarfshópnum Þöll sem er með 60 aðilar á póstlista. Aðal verkefnið er Ljóð unga fólksins, haldið annað hvert ár.

Í BBS barnadeild er listasmiðja og tónsmiðja og þar eru einnig taílenskar sögustundir og þýtt jafnóðum á íslensku. Þar mæta þó aðallega íslensk börn og sýnir lítil aðsókn taílenskra að fara þarf aðrar leiðir til að ná til fólksins.

Nýjasta verkefni BBS er byggt á hugmynd frá Stavangri og er það hugsað fyrir foreldra. Farið er með bækur á leikskóla og síðan haldin fræðslunnámskeið um bókasöfn og hefur þetta þótt fjölga heimsóknum á bókasöfnin. Tilraunin hér er í nýjum leikskóla, Maríubakka.

Í lokin sagði Þorbjörg frá úrslitum í nýlegri í Lestrarsamkeppni barna.

d) Þjónusta við nýbúa á Héraðsbókasafni Rangæinga

Gunnhildur Kristjánsdóttir er forstöðumaður Héraðsbókasafns Rangæinga á Hvolsvelli í Rangárþingi eystra. Hún kynnti starf sitt með nýbúum á bókasafninu. Það hófst fyrir ári síðan og var fólkinu sem var fjórum þjóðernum boðið þangað á opið hús einu sinni í viku. Hafa þessar stundið verið kallaðar "Viltu læra íslensku" og er nafngiftin frá íslenskupáttum í sjónvarpinu. Gunnhildur byrjaði á að kaupa myndbönd með þáttunum og sýna þá en síðan hefur starfið þróast í að nota myndaorðabækur og léttar krossgátur. Hún sagði að alltaf væri byrjað á að fara með íslenska

stafrófið enda nauðsynlegt að æfa það vel. Ensku sagðist hún ekki nota og þættist hreinlega ekki skilja hana þessi kvöld.

Ingibjörg Hjartardóttir, forstöðumaður Bókasafns Ólafsfjarðar bað um orðið að loknu erindi Gunnhildar og sagðist vilja að fá að skjóta því inn að hún er orðin varaformaður heimssamtaka um að gera táknmál að 1. máli í skóla. Hún ætlar að senda frekari upplýsingar á póstlista Fínu.

e) Þjónusta við nýbúa á Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði

Jóhann Hinriksson forstöðumaður lýsti þeim tegundum bóka sem safnið hefur upp á að bjóða fyrir nýbúa og nefndi að thailenska væri flóknari en önnur tungumál þar sem stafrófið væri öðruvísi. Lítil hreyfing væri á þeim bókum. Skólakerfið hefði ekkert gert í málinu, enginn kennari. Hann sagði styrki til bókakaupa fást og þá aðallega frá Félagsmálaráðuneytinu. Jóhann sagði Pólverja lesa mest. Kennsla er fyrir pólsk börn. Flestir Króatíubúar væru farnir. Þá sagði hann að búið væri að leggja Fræðsluskrifstofu Vestfjarða niður og hefðu bækurnar farið til Bæjar- og héraðsbókasafnsins. Lánað þaðan í skólana.

Umræður

Margrét I. Ásgeirsdóttir, forstöðumaður Bæjar- og héraðsbókasafnsins Árborgar á Selfossi sagði frá fyrirspurn skólanna til safnsins um pólskar bækur og taldi það ekki hlutverk safnsins að sinna skólunum.

Anna Torfadóttir, BBS sagði frá samstarfi við Krakau. BBS fær nýjar pólskar bækur og sendir til Póllands bækur þýddar á ensku en þær eru mjög dýrar þar. Taldi þetta góð skipti.

Fleira ekki tekið fyrir og vorfundi slitið

Fundarritari. Erla Lúðvíksdóttir